

AUGLÝSING

um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

1. gr.

Samþykktir fyrir fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skulu öðlast gildi 15. september 1994.

Samþykktirnar birtast sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er skv. 14. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. september 1994.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Dögg Pálsdóttir.

SAMÞYKKTIR

fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Stofnaðilar.

1. gr.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er stofnuð og starfar samkvæmt samkomulagi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga.

Skipan nefndarinnar.

2. gr.

Í nefndinni sitja þrír fulltrúar og þrír til vara, sem allir skulu vera löglærðir og valdir til eins árs í senn. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Neytendasamtökin og Samband íslenskra tryggingafélaga velja hver sinn aðal- og varafulltrúa til setu í nefndinni. Nefndin velur sér formann og varaformann til eins árs í senn.

Starfssvið og störf nefndarinnar.

3. gr.

Nefndin fjallar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli neytenda og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi.

Nefndin úrskurðar ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki aðila.

Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

4. gr.

Nefndin fjallar ekki um:

- a. ágreining, sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld,
- b. kröfu neytenda, sem ekki verður metin til fjár,
- c. breytingar á iðgjöldum váttryggingafélaga,
- d. ágreiningsmál sem er til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms,
- e. mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Máli sem vísað er frá á þessari forsendu skal taka til meðferðar að nýju samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

5. gr.

Formaður boðar fundi eftir þörfum. Fundir nefndarinnar eru því aðeins lögmætir að nefndin sé fullskipuð.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera rökstuddir. Aðilum máls skal senda úrskurð innan viku frá því að hann var kveðinn upp. Nefndin skal úrskurða innan 4 vikna frá því að mál taldist úrskurðarhæft.

Úrskurði nefndarinnar skal gefa út árlega í samantekt án nafngreiningar aðila fyrir lok aprílmánaðar vegna næsta árs á undan.

Meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar. Úrskurðir skulu einir færðir til bókar ásamt rökstuðningi.

Úrskurðir nefndarinnar eru ekki bindandi fyrir neytendur, sem geta ávallt vísað málum til dómstóla þó að það hafi farið fyrir nefndina.

Úrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir hlutaðeigandi váttryggingafélag nema félagið tilkynni neytandanum og nefndinni sannanlega innan tveggja vikna frá því að það fékk úrskurð í hendur, að það muni ekki hlíta honum.

Mál fellur niður leggi neytandi mál í gerðardóm eða höfðar dómsmál.

Vistun nefndarinnar.

6. gr.

Nefndin skal vistuð hjá Váttryggingaeftirlitinu, sem sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við kvörtunum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna. Kvörtunum er ekki veitt viðtaka nema málskotsgjald sé greitt. Neytanda skal ætíð kynnt að hann sé óbundinn af úrskurði nefndarinnar og geti höfðað dómsmál uni hann ekki úrskurði hennar.

Starfsmanni Váttryggingaeftirlitsins er heimilt að sitja nefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

Málskot og málskotsgjald.

7. gr.

Neytendur geta skotið ágreiningi til nefndarinnar. Neytandi í skilningi samþykktu þessara er hver sá einstaklingur sem er váttryggingataki og/eða telur sig eiga rétt til váttryggingabóta. Váttryggingafélög skulu kynna neytendum með tryggilegum hætti möguleika þeirra á að skjóta málum til nefndarinnar.

Aður en neytandi getur leitað til nefndarinnar skal hann hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi váttryggingafélag og Tjónanefnd váttryggingarfélaganna sé mál þess eðlis, að

tjónanefndin fjalli um þau. Meðferð tjónanefndar skal vera neytanda að kostnaðarlausu. Hafi tjónanefnd ekki úrskurðað í máli innan mánaðar frá því að ósk um meðferð hennar kom fram getur neytandi skotið málinu til úrskurðarnefndarinnar. Þegar úrskurður tjónanefndar liggur fyrir skal neytanda jafnan tilkynnt að hann geti skotið málinu til úrskurðarnefndarinnar.

Neytandi skal greiða sérstakt málskotsgjald. Miðað er við að málskotsgjald nemi þriðjungi beins kostnaðar við meðferð máls og skal það endurskoðað árlega. Neytandinn fær málskotsgjald endurgreitt falli mál honum að hluta eða öllu leyti í vil.

Nefndin útbýr sérstakt eyðublað sem auðveldar málskot til nefndarinnar. Eyðublöðin skulu vera fáanleg hjá Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, váttryggingafélögum og Váttryggingaefirlitinu.

Neytandi getur á hvaða stigi sem er dregið mál tilbaka, en fær þá ekki málskotsgjald endurgreitt nema málið sé afgreitt hjá váttryggingafélagi á grundvelli krafna hans.

Gagnasöfnun.

8. gr.

Váttryggingafélag, sem aðild á að máli, skal láta nefndinni í té þau skjöl og gögn sem málið varðar. Þegar neytandi leggur mál fyrir nefndina skal hann gefa samþykki sitt fyrir því að nefndin fái öll gögn í hendur frá váttryggingafélagi sem varðar mál hans og sé heimilt að fá upplýsingar frá þeim aðilum sem hafa komið að málinu vegna fagþekkingar sinnar.

9. gr.

Nefndin úrskurðar á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð eða hún aflar sér. Hlutaðeigandi váttryggingafélagi skal gefinn kostur á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri við nefndina áður en mál er tekið til úrskurðar innan þess frests sem nefndin ákveður hverju sinni.

Sinni aðili máls ekki upplýsingaskyldu getur nefndin úrskurðað í máli telji hún það úrskurðarhæft eða vísað því frá eftir atvikum.

Séstakt vanhæfi nefndarmanna.

10. gr.

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls og skal víkja sæti eigi vanhæfisreglur 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála við um hann. Nefndarmanni ber að tilkynna meðnefndarmönnum sínum telji hann sig vanhæfan. Jafnframt getur nefndarmaður krafist þess að annar nefndarmaður víki sæti vegna vanhæfis og úrskurðar þá meirihluti nefndarinnar um slíka kröfu víki nefndarmaður ekki sæti af sjálfsdáðum. Komi til þess að nefndin verði ekki fullskipuð vegna vanhæfis er aðilum þeim sem að henni standa heimilt að skipa sérstaka nefndarmenn til meðferðar viðkomandi máls í stað þeirra sem vanhæfir kunna að vera. Nefndarmaður getur ávallt sagt sig frá máli telji hann sig vanhæfan.

Endurupptaka máls.

11. gr.

Formaður getur tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið af nefndinni skuli tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu máls.

Kostnaður.

12. gr.

Vátryggingaefirlitið greiðir kostnað vegna umsýslu og vistunar nefndarinnar. Beinan kostnað til nefndarmanna að frádregnu málskotsgjaldi greiða þau vátryggingafélög sem aðild eiga að málum.

Breytingar. Uppsögn. Gildistaka.

13. gr.

Samþykktum þessum skal ekki breytt nema með samþykki allra aðila sem að nefndinni standa. Samþykktir þessar eru uppsegjanlegar með 6 mánaða fyrirvara.

14. gr.

Samþykktir þessar skulu staðfestar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Neytendasamtökunum og Sambandi íslenskra tryggingafélaga og öðlast gildi 15. september 1994. Samþykktirnar skal birta í Stjórnartíðindum.

*Reykjavík, 5. september 1994.***Sighvatur Björgvinsson.**

F.h. heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Jóhannes Gunnarsson.

F.h. Neytendasamtakanna.

Axel Gíslason.

F.h. Sambands ísl. tryggingafélaga.